



AÐGERÐIR STYKKISHÓLMSBÆJAR VEGNA COVID-19

Innanhúisleiðbeiningar forstöðumanna stofnanna og starfsfólks

1. AÐDRAGANDI

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stykkishólmsbær fylgist vel með þróun mála og er ítrekað að endurmeta viðbrögð við stöðunni. Fylgt er eftir öllum tilmælum yfirvalda og gengið lengra ef ástæða er talin til.

Byggt á þeim fréttum sem hafa komið fram þá snúast aðgerðir Almanna og Landlæknis núna fyrst og fremst að því að hægja á dreifingu veirunnar og verja þá fyrir veirunni sem eru með undirliggjandi sjúkdóma.

Þjónusta Stykkishólmsbæjar hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu Stykkishólmi og því nauðsynlegt að Stykkishólmsbær leggi fram skýrar reglur þannig að hægt sé að draga sem mest úr líkum á smitum innan starfsemi kaupstaðarins. Mikilvægt er að á sama tíma að halda uppi daglegri starfsemi með sem minnstum röskunum.

Mikilvægt er að við nálgumst þetta verkefni af yfirvegun og fylgjum eftir tilmælum stjórnvalda. Hægt er að fylgjast með tilkynningum á heimasíðunum www.almannavarnir.is og www.landlaeknir.is

2. VIÐBRAGÐSTEYMI

Viðbragðsteymi Stykkishólmsbæjar er skipað bæjarstjóra, bæjarritara, skólustjórur leik- og grunnskóla, forstöðumanni Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi og launa- og mannauðsfulltrúa sem funda reglulega þar sem viðbrögð Stykkishólmsbæjar eru endurmetin og hlutaðeigandi starfsfólk upplýst í kjölfarið. Aðgerðir eru unnar í samstarfi við Almanna Vesturlands og sóttvarnarlækni Vesturlands. Ef bæjarstjóri telur þörf á kallar hann aðra forstöðumenn/starfsmenn stofnana Stykkishólmsbæjar til liðs við viðbragðsteymi Stykkishólmsbæjar.

Sérstök viðbragðsteymi má setja á laggirnar innan stærra stofnana, eins og leik- og grunnskóla, sem og á dvalarheimilinu sem starfar með sérstökum áhættuhópum tengt því að veikjast alvarlega, til að fást við aðkallandi aðgerðir viðkomandi stofnunar. Frumkvæði að því er í höndum forstöðumanna viðkomandi stofnana og skal bæjarstjóra tilkynnt um slíka ákvörðun.

Viðbragðsteymið gætir þess að sveitarfélagið búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlækniseimbættinu um stig faraldurs. Það annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna um fyrirkomulag á vinnustað auk sóttþreinsibúnaðar og umgengnisreglna.

Forstöðumenn sjá um samskipti við starfsfólk, hver í sinni stofnun, vegna veikinda og fjarveru og ber þeim að halda sérstaklega utan um þau.

Sjá nánar Viðbragðsáætlun Stykkishólmsbæjar við heimsfaraldri af völdum COVID-19 [hér](#).

3. AÐGERÐIR STYKKISHÓLMSBÆJAR

i) Áhættuhópar

Stykkishólmsbær vinnur eftir viðbragðsáætlun við þessar aðstæður og er aðgerðum forgangsraðað í samræmi við hana. Nú þegar hafa verið teknar ákvarðanir um breytta þjónustu en finna má upplýsingar um breytta þjónustu í meðfylgjandi tenglum:

Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi:

<https://stykkisholmur.is/frettir/stok-frett/2020/03/08/Heimsoknarbann-a-Dvarlaheimili-aldradra-i-Stykkisholmi-og-i-buseturettaribudir-vid-Skolastig-/>

Félagstarf eldri borgara í Stykkishólmi:

<https://www.stykkisholmur.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f73c3dc6-63c0-11ea-9455-005056bc0bdb>

ii) Innri starfsemi

Eftirfarandi ákvarðanir hafa verið teknar sem geta haft áhrif á innri starfsemi stofnana Stykkishólmsbæjar:

Fjarvinna (ekki er verið að grípa til þessa úrræðis enn sem komið er).

- Til þess getur komið að þeir sem eiga kost á því verði að vinna fjarvinnu.
- Komi til þess að starfsfólk fari í sóttkví á það að starfa í fjarvinnu sé þess kostur.
- Við hvetjum fólk til að kynna sér leiðbeiningar til fjarfunda en þær má finna í meðfylgjandi hlekk. Sjá [hér](#) leiðbeiningar Fjarfunda í Teams.
- Þeir starfsmenn sem eru með undirliggjandi sjúkdóma eða eiga nána aðstandendur sem eru með undirliggjandi sjúkdóma og umgangast daglega eða mjög reglulega eru hvattir til að vinna heima sé þess kostur. Slíkt skal ákveðið í samráði við yfirmann.

Heimsóknir og fundir

- Á öllum fundum verður boðið upp á þátttöku með fjarfundabúnaði sbr. framangreindar leiðbeiningar fyrir Teams og einnig er hægt að nýta t.d. fundarsíma Símans, 755 7755.
- Að svo komnu máli verða heimsóknir ekki takmarkaðar en hvetjum til þess að stuðla að því að taka fjarfundi.
- Fjölmennum fundum (>15) á vegum Stykkishólmsbæjar verður frestað og starfsmenn skulu ekki taka þátt í stærri fundum utanhúss.
- Við sleppum öllum fundum sem ekki þarf nauðsynlega að halda.

Eldhús, kaffi og veitingar á fundum

- Sameiginlegir kaffifundir með veitingum fyrir starfsfólk eru ekki haldnir. Starfsfólki bent á að koma með mat í lokuðum umbúðum.
- Framboð af matvælum í ísskáp verður líka takmarkað við matvæli í lokuðum umbúðum (skyr, gríska jógúrt, hleðslu o.s.frv.).
- Kaffivélar á almannaferi skal taka úr umferð þar til annað er ákveðið.
- Ekki verður boðið upp á veitingar á fundum.

Hreinlæti

- Eins og áður hefur komið fram þurfum við öll að leggja mikla áherslu á hreinlæti, en þar skiptir handþvottur og spritt miklu máli. Veljið alltaf handþvott sé þess kostur en a.m.k. 20 sek. Þvottur með sápu skilar mestum árangri.
- Nánari reglur um hreinlæti og meðhöndlun úrgangs:
 - Þvoðu þér reglulega um hendurnar (einkum fyrir máltíðir). Handþvottur verndar gegn beinni og óbeinni snertingu við veiruna. Bein snerting er meðal annars að taka í höndina á sýktum einstaklingi sem hefur snert munn sinn eða nef eða haldið fyrir vitin til að hósta eða hnerra. Óbein snerting felst í að snerta hlut sem smitaður einstaklingur hefur handleikið, til dæmis hurðarhún eða notaða bréfpurrku.
 - Notaðu bréfpurrkur til að hylja nef og munn þegar þú hnerrar eða hóstar. Úðadropar úr vitum berast aðeins stutta leið, innan við einn metra. Þeir sem standa næst einstaklingi sem hnerrar eða hóstar án þess að halda fyrir vitin eru í hvað mestri smithættu. Að halda fyrir munn og nef dregur úr líkum á smiti.
 - Hentu notuðum bréfpurrkum beint í ruslið. Veirur geta lifað tímabundið utan líkamans og hægt er að smitast með því að snerta hluti sem nýlega hafa mengast, svo sem vasaklúta eða bréfaburrkur, eða með því að taka í hönd smitaðs einstaklings.
 - Haltu fyrir vitin ef bréfpurrkur eru ekki til taks. Þegar bréfpurrkur eru ekki við höndina skaltu halda fyrir nef og munn og þvo hendurnar strax á eftir eða hnerra á handlegginn eða í olnbogabótina til að hindra dreifingu veiranna.
 - Notuðum bréfpurrkum skal henda strax í lokaðar fötur sem í er plastpoki. Fjölga þarf ruslafötum tímabundið. Loka þarf plastpokum strax.

Ferðalög

- Engar ferðir til útlanda verða á vegum Stykkishólmsbæjar, sem gildir þangað til annað verður ákveðið.
- Starfsmenn eru beðnir að upplýsa næsta stjórnanda um ferðalög á eigin vegum á næstunni og ræða mögulega fjarvinnu eftir heimkomu ef aðstæður gefa tilefni til.

Annað

- Þeir sem finna fyrir veikindum mæti ekki í vinnu og fari strax heim finni þeir fyrir veikindum eftir að mætt er til vinnu.
- Við mælumst til þess að starfsmenn Stykkishólmsbæjar takmarki þátttöku sína í stærri viðburðum utan vinnu.
- Þeir sem telja sig hafa verið í samskiptum við aðila sem eru í sóttkví eða fengið veiruna skulu vinna í fjarvinnu.
- Við heilsumst ekki með handabandi og sleppum allri snertingu.
- Rétt er að taka fram að allir starfsmenn Stykkishólmsbæjar fá greidd laun vegna sóttkvíar eða fjarvista vegna COVID-19 í samræmi við leiðbeiningar sem nálgast má [hér](#).
- Fréttir í tengslum við málefnið er settar á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.

iii) Upplýsingaskylda starfsmanna um eigin heilsu

Upplýsingaskylda starfsmanns

Öllum starfsmönnum er skylt að láta næsta yfirmann vita af því ef:

- Viðkomandi hefur ferðast til eða gegnum lönd, landsvæði, borgir eða bæi sem eru á svæðum skilgreindum með smithættu samkvæmt vef Landlæknis, [sjá hér](#) (mars 2020).

- Hafa komið í snertingu eða návígi við einstakling sem er með eða grunur leikur á að sé með Covid-19 vírusinn, eða einstakling sem er í sóttkví eða einangrun.
- Hefur undanfarna 14 daga haft einkenni hósta, hita eða öndunarerfiðleika.
- Komi starfsmaður erlendis frá, utan þeirra svæði sem skilgreind eru með mikla smithættu, og er alveg einkennalaus þá ætti hann að sinna daglegum störfum og athöfnum, líkt og fyrr, mæta í vinnu og þess háttar, en gæta mjög vel að almennu hreinlæti, handþvotti, sprittun og annara varnarpátta svo sem að forðast handabönd og líkamssnertingu. Ef hann hins vegar fær einhver einkenni flensu næstu daga eftir heimkomu þá skyldi hann halda sig heima og hringja í læknavaktina í síma 1700 og fá ráðleggingar þar, auk þess að láta yfirmann vita.
- Ef starfsmaður er að koma erlendis frá, jafnvel frá öðrum löndum, og finnur fyrir einhverjum flensulíkum einkennum: hiti, hósti og beinverkir. Þá skal vera í sambandi við yfirmann og meta hvort viðkomandi sé hæfur til vinnu.

Ef grunur um sýkingu af völdum COVID-19

Ef grunur um sýkingu af völdum COVID-19 vaknar á vinnustað skal upplýsa yfirmann og sem bregst við á eftirfarandi hátt:

- Ef grunur vaknar, hringir starfsmaður í læknavaktina í síma 1700.
- Í samráði við bæjarstjóra má hafa samband við sóttvarnalækni Vesturlands.
- Ef málið þolir enga bið, hringið í 112 og óskið eftir sjúkraflutningi.
- Vakthafandi læknir/sjúkraflutningamaður ber ábyrgð á framkvæmd áhættumats vegna gruns um COVID-19 sýkingu í samráði við umdæmislækni sóttvarna og sóttvarnalækni.

*Jakob Björgvin Jakobsson,
bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar*